

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 28. febrúar 2023

Mál nr. E-28/2020:

X

(Auðun Helgason lögmaður)

gegn

Y

(Björn Líndal lögmaður)

I.

- Mál þetta, sem dómtekið var 17. febrúar 2023, var höfðað 18. janúar 2020. Stefnandi er X, kt. [...], [...], [...]. Stefndi er Y ehf., kt. [...], [...], [...].

- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum 2.790.843 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 14. ágúst 2015 til 3. júní 2019 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndi greiði honum málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti samkvæmt mati dómsins líkt og málið sé eigi gjafsóknarmál.

Endanlegar kröfur stefnda eru að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara að dómkrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Helstu málsatvik.

- Í máli þessu reisir stefnandi kröfur sínar á því að hann eigi rétt á greiðslu slysabóta úr hendi fyrrverandi vinnuveitanda síns, stefnda, vegna slyss sem hann segist hafa orðið fyrir þann 14. ágúst 2015. Stefnandi byggir á því að stefnda beri að bæta honum það tjón sem hann varð fyrir vegna slyssins samkvæmt ákvæðum í VIII. kafla kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og Samiðnar, sambands iðnfélaga f.h. aðildarfélaga í málmiðnaði, byggingariðnaði og skrudgarðyrkju (SA og Samiðnar), sem í gildi hafi verið fyrir tímabilið frá 1. maí 2015 til 31. desember 2018.

2. Samkvæmt stefnu og greinargerð og því sem fram kom við meðferð málsins fyrir dómi var stefnandi ráðinn í tímabundið starf hjá stefnda í apríl 2015. Þegar þetta gerðist stóð hið stefnda félag að byggingu þriggja íbúða í eldra húsnæði að [...]. Í starfi sínu sinnti stefnandi almennri smíðavinnu, þ. á m. uppsetningu gífsveggja, klæðningu á loftum og parketlögn, en einnig vann hann við múrverk og flísalögn. Mun stefnandi að nokkru hafa starfað að þessum verkefnum við hlið fyrirsvarsmanns stefnda, A [...]. Liggur fyrir að þegar atvik þessa máls gerðust var farið að halla undir lok verksins og fólst starf stefnanda helst í uppsetningu innréttinga í íbúðunum þremur, þ. á m. á aðkeyptum fataskápum.

Ágreiningslaust er að stefnandi hafði fyrst komið að verki stefnda í marsmánuði 2015, og að hann varð þá, nánar tiltekið þann 21. mars, fyrir áverka á vinstri hendi. Þegar þessi atburður gerðist mun stefnandi hafa verið að koma fyrir loftplötum í einni af íbúðunum þremur, ásamt fyrirsvarsmanni stefnda, sem skráði atvikið í dagbók sína. Einnig er þessu atviki að nokkru lýst í samskiptaseðli heilsugæslulæknis vegna komu stefnanda á Heilsugæslustöðina [...], þann 14. ágúst 2015, sbr. dskj. nr. 27 og 52.

3. Af hálfu stefnda var við meðferð málsins lagður fram áritaður tímabundinn ráðningarsamningur um starf stefnanda. Þar er m.a. skráð að stefnandi hafi verið ráðinn til starfa hjá stefnda á tímabilinu frá 13. apríl til 30. ágúst 2015. Samningurinn er aðeins undirritaður af fyrirsvarsmanni stefnda. Þar er og skráð að stefnandi hafi verið í AFLi Starfsgreinafélagi og að um laun hans og launakjör fari samkvæmt áðurgreindum kjarasamningi. Af hálfu stefnda hafa enn fremur verið lagðir fram launaseðlar stefnanda á nefndu tímabili, en einnig vegna launagreiðslna til hans í september, október og nóvember, og loks vegna desemberuppbótar árið 2015.

4. Stefnandi lýsir málsatvikum í stefnu nánar þannig að hann hafi að morgni slysdagsins, þann 14. ágúst 2015, verið við vinnu sína í fasteigninni að [...], og hafi verk hans falist í fyrrnefndum lokafrágangi í einni hinna nýuppgerðu íbúða stefnda.

Stefnandi greinir frá því í stefnu að slyshans hafi orðið með þeim hætti að hann hafi verið að bera pakkningu, sem innihélt ósamsettan fataskáp, inn í íbúðina, en við þær aðstæður hafi hann skyndilega runnið til á gólfinu með þeim afleiðingum að slinkur kom á vinstri höndina og olnbogann, þ.e. þegar hann hafi reynt að halda við pakkann. Vegna þessa hafi hann misst allan mátt í vinstri hendinni og hafi þá pakkningin fallið á gólfið.

Óumdeilt er að stefnandi var einn á vettvangi þegar atburðurinn gerðist og að hann leitaði nær strax eftir læknishjálp á Heilsugæslustöðinni á [...].

5. Í málinu liggur fyrir eyðublaðið „Tilkynning um slys.“ Er ágreiningslaust að blaðið var áritað og sent til Sjúkratrygginga Íslands vegna ofangreinds atburðar. Stefnandi dagsetti áritun sína á blaðið þann 10. október 2017, en fyrirsvarsmaður stefnda þann 26. febrúar 2018. Á blaðið er m.a. skráð að stefnandi hafi verið við vinnu sína sem múrari/iðnaðarmaður þegar hið umþrætta slys hans varð. Um lýsingu á tildrögum og orsökum slyssins og hvernig það tengdist vinnu hans segir þar nánar: „*X var að lyfta pakka sem innihélt skáp, þ.e. ósamsettur skápur, þegar hann rann til og missti jafnvægið þannig að hann missti pakkann og fékk slink á vinstri höndina. Hann reyndi að halda í við pakkann, en missti hann.*“ Á eyðublaðið er einnig ritað að stefnandi hafi hætt vinnu sinni, en í framhaldi af því hafi hann fengið veikindalaun í þrjá mánuði frá vinnuveitanda, en hafi eigi þegið bætur eða önnur laun á grundvelli almannatrygginga. Loks er ritað á blaðið að stefnandi hafi verið til meðferðar vegna afleiðinga slyssins hjá læknum B og C hjá Læknastöðinni Orkuhúsinu í Reykjavík.

6. Samkvæmt framlögðum heilsufarsgögnum komu auk ofangreindra lækna að meðferð stefnanda vegna þeirra líkamsmeiðsla, sem hann varð fyrir á árinu 2015, nafngreindir lækna hjá Heilbrigðisstofnun [...], nánar tiltekið á Heilsugæslustöðvunum á [...]og á [...], en einnig D, sérgreinalæknir í heimilis- og krabbameinslækningum, með CIME-gráðu í mati á líkamstjóni/örorku. Liggur fyrir að nefndur sérgreinalæknir ritaði „Tillögu að mati á varanlegri læknisfræðilegri örorku“ stefnanda vegna þeirra áverka sem hann varð fyrir þann 14. ágúst 2015. Matsgerð sérgreinalæknisins er dagsett 17. febrúar 2019.

7. Málsaðilar vísa í málatilbúnaði sínum m.a. til ofangreindra heilsufarsgagna, sem varða m.a. tímabilið frá 2012 til 2019, en ráðið verður af gögnum að stefnandi hafi haft búsetu hér á landi á árinu 2011.

Stefnandi staðhæfir í stefnu að hann hafi haft fullan hug á því að fylgja ráðum lækna, sem komu að meðferð hans eftir þau líkamsmeiðsl sem hann varð fyrir í ágústmánuði 2015 og þá m.a. um að fara í aðgerð, sem hafi verið ætlað að lagfæra sinaslit í vinstri handlegg hans. Hann hafi hins vegar látið það farast fyrir þar sem hann hafi

fengið þær upplýsingar hjá fyrirsvarsmanni stefnda að hann væri eigi slysatryggður. Vegna þessa hafi hann haft áhyggjur af framfærslu eigin fjölskyldu og þá vegna langrar fjarveru frá vinnu. Stefnandi staðhæfir að hann hafi að auki verið undir miklum þrýstingi frá fyrirsvarsmanni stefnda um að mæta aftur til vinnu þrátt fyrir að hann hefði í raun verið óvinnufær eftir atburðinn þann 14. ágúst 2015. Í ljósi þessa alls hafi hann frestað því að fara í aðgerðina, en þar hafi þó einnig komið til þekkingarleysi hans á eigin starfs- og veikindaréttindum, ásamt mjög takmarkaðri íslenskukunnáttu á hinum fyrstu búsetuárum hans hér á landi.

Af hálfu stefnda er fullyrðingum stefnanda um fyrrgreindan þrýsting alfarið andmælt. Að því leyti bendir stefndi m.a. á að frásögn stefnanda sé í ósamræmi við efni framlagðra heilsufarsgagna, og þá ekki síst greinargerðar B bæklunarlæknis, dagsettrar 11. desember 2018. Í því sambandi bendir stefndi einnig á að verklok stefnanda samkvæmt efni ráðningarsamnings hafi verið nálægt í tíma þegar hann varð fyrir áverka sínum í ágústmánuði 2015.

Í málinu liggur fyrir meðmælabréf fyrirsvarsmanns stefnda, dagsett 10. janúar 2016, en þar segir að stefnandi hafi starfað hjá stefnda á tímabilinu frá apríl til september 2015, en einnig segir þar m.a.: „*Starfið fólst einkum í innréttingu á íbúðum, meðal annars: Uppsetningu á gipsveggjum + flísalögn, ásamt öðrum frágangi. ... hefur staðið sig vel í starfi og sinnt sínum verkum af natni og vandvirkni. Hann er áreiðanlegur og stundvís. Jafnframt sýnir hann frumkvæði í starfi.*“

8. Stefnandi staðhæfir í stefnu að verkur og sársauki í vinstri olnboga hans hafi í júnímánuði 2017 enn verið til staðar. Af þeim sökum hafi hann leitað til C læknis, sbr. vottorð hans um sjúkraþjálfun, dagsett 29. júní 2017. Stefnandi segir að eftir skoðun læknisins hafi hann fengið vitneskju um að afleiðingar slyss hans þann 14. ágúst 2015 hafi verið varanlegar og að aðgerð kæmi ekki að gagni. Vegna þessa hafi hann leitað aðstoðar lögmanns, sbr. áritað umboð þar um, dagsett 13. september 2017.

9. Af hálfu stefnanda er staðhæft að í kjölfar hinna síðast greindu ráðstafana hafi lögmaður hans leitað eftir afstöðu hins stefnda félags til bótaskyldu, en jafnframt hafi stefndi verið krafinn um bætur á grundvelli ákvæða í kjarasamningi og skilmála slysatryggingar launþega. Stefnandi staðhæfir að stefndi hafi hafnað kröfum hans á þeirri forsendu að ekki hefði verið sýnt fram á að varanlegar afleiðingar hefðu hlotist af hinu

umþrætta slysi þann 14. ágúst 2015. Stefnandi greinir frá því að í ljósi þessa hafi hann hugleitt að afla matsgerðar og þá með þeirri ætlan að sanna mál sitt, en þar sem það hafi kostað umtalsverða fjármuni og hann eigi verið í aðstöðu til að standa straum af slíkum fjárútlátum hafi hann sótt um slysabætur hjá Sjúkratryggingum Íslands, sbr. efni áðurgreindrar tilkynningar um slysið, sem hann og fyrirsvarismaður stefnda hefðu báðir undirritað í október 2017 og febrúar 2018.

Stefnandi bendir á að samkvæmt framlögðum gögnum hafi Sjúkratryggingar Íslands staðfest þann 12. júní 2018 að vinnuslys hans væri bótaskyld, og hafi hann í beinu framhaldi, þann 26. júní, sótt um örorkubætur. Í kjölfarið hafi hann verið boðaður til matsfundar hjá sérgreinalækninum D, sem hafi framkvæmt læknisfræðilegt mat fyrir Sjúkratryggingar. Stefnandi bendir á að samkvæmt „tillögu“ sérgreinalæknisins, dagsettri 17. febrúar 2019, hafi það verið mat hans að varanleg læknisfræðileg örorka hans vegna vinnuslyssins hafi verið 12%. Það mat hafi síðan verið staðfest með ákvörðun Sjúkratrygginga þann 25. mars 2019, sbr. ákvæði 12. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015. Þar með hafi það og verið staðfest að skerðingin á líkamlegri færni hans hafi verið til framtíðar, en einnig möguleikar hans til þess að afla launatekna. Í samræmi við þessa niðurstöðu hafi hann fengið greiddar örorkubætur frá Slysatryggingum, með eingreiðslu, að fjárhæð 1.269.042 krónur.

10. Samkvæmt gögnum sendi lögmaður stefnanda bréf til stefnda þann 3. maí 2019, þar sem hann krafðist skaðabótageiðslu vegna þess líkamstjóns, sem stefnandi hafði orðið fyrir þann 14. ágúst 2015, samtals að fjárhæð 2.382.312 krónur. Í bréfinu er m.a. vísað til örorkumats D sérgreinalæknis, en einnig til ákvæða kjarasamnings.

Í rökstuddu svarbréfi lögmanns stefnda, dagsettu 19. júní 2019, er kröfum stefnanda hafnað. Er þar m.a. vísað til ákvæða 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og tekið fram að líkamstjón stefnanda hafi orðið vegna stórkostlegs gáleysis hans sjálfs. Þá er í bréfinu vísað til fundar lögmannna málsaðila þann 14. júní sama ár og á það minnt að stefnandi hefði þegar fengið greiddar bætur vegna slyssins frá Slysatryggingum Íslands, rúmlega tvær milljónir króna, á grundvelli laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015, og bæri að draga greiðsluna frá umkrafinni kröfu, sbr. ákvæði 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga.

III.

1. Eins og hér að framan hefur verið vikið að hafa málsaðilar lagt fram heilsufars- og sjúkragögn, sem varða m.a. áðurgreind atvik í mars og ágúst 2015, en einnig fyrir þann tíma.

Samkvæmt samskiptaseðlum og læknaþréfum Heilbrigðisstofnunar [...], sem lækna á Heilsugæslustöðvunum á [...]og [...], en einnig lækna hjá Orkuhúsinu í Reykjavík, rituðu, leitaði stefnandi á hina fyrstnefndu Heilsugæslustöð þann 21. mars 2015 í kjölfar „vinnuslyss“ sem hann hafði orðið fyrir þann dag. Í sjúkraskrá er haft eftir stefnanda að umrætt slys hans hafi gerst með þeim hætti að hann hefði verið „að lyfta þungu þegar vinstri handleggur hafi slegist harkalega út til hliðar með boginn olnboga.“ Í sjúkraskránni segir að stefnandi hafi borið sig mjög illa við læknisskoðun í greint sinn og hafi ekki viljað hreyfa handlegginn. Tekið er fram að sár hafi ekki verið sýnilegt, engin aflögun og að olnboginn hafi „setið í liðnum.“ Einnig er greint frá því að teknar hafi verið röntgenmyndir, sem hafi ekki sýnt brot eða neitt athugavert. Einnig segir frá því að læknismeðferð stefnanda hafi falist í því að hann hafi fengið teygjusokk og fatla, en að auki verkja- og bólgueyðandi lyf. Loks er skráð að stefnandi hafi verið boðaður í endurkomu daginn eftir. Óumdeilt er að hann mætti ekki í endurkomuna.

2. Um slys stefnanda þann 14. ágúst 2015 segir í sjúkraskrá frá skoðun E yfirlæknis, og er m.a. rakin frásögn stefnanda eftir að hann hafði komið í skyndi á Heilsugæslustöðina [...] þá um morguninn, kl. 9:17. Í sjúkraskrá yfirlæknisins segir m.a. um komu og ástand stefnanda:

„Tílefni: Slys við vinnu.

Lýsing starfsmanns: Vi hendi gaf sig við að lyfta þungum skáp. Lenti í slysi með vi hendi í mars á þessu ári, hefur ekki verið góður síðan, alltaf með verki og stundum gefur hún sig. Í mars var tekin rtg sem var eðlileg.

Skoðun: Ber sig illa, vill ekki hreyfa vi hendi. Bendir á olnbogabótina sem versta stað og þar aðeins fyrir ofan og neðan. Biceps er aumur, sinin virkar heil en hvellaum, bólga í kringum sinina. Verkir versna til muna við að flektera í olnboga, getur þó gert hreyfinguna. Ekki verkir við flexion/extension í fingrum og úlnlið.

Álit. Gruna biceps sinar partiel ruptur eða tognun, löng saga, skyndileg versnun. Fær fatla, ráðl. um að hvíla hendina, má ekki lyfta neinu, verkjalyf pn. Sendi tilvísun í Mri og til F bæklunarlæknis. Fær tíma í mri þann 18/8 kl 16 á svo að fara beint upp til F og hitta hann. Hringi í G og læt vita. G er dóttir hans. Greiningar; tognun á olnboga.“

Yfirlæknir segir í tölvupósti, dagsettum 19. ágúst 2015, að stefnandi hafi verið „sjúkraskrifaður“ í sex vikur.

3. Samkvæmt gögnum sendi nefndur yfirlæknir þann 14. ágúst 2015 tilvísun um ástand stefnanda til lækna hjá Orkuhúsinu í Reykjavík, en fyrir liggur að þangað fór stefnandi þann 18. ágúst 2015. Var þá vinstri olnbogi hans segulómaður. Skráð er í gögnum Orkuhússins að við læknisskoðun stefnanda hafi verið til staðar sjúklegar breytingar og þar á meðal vökvaauknig í vökvalið. Um ástand stefnanda segir nánar: „... er sin caput longum slitin en hlutar af sin caput breve eru ennþá heilir. Það er vökvi í sinfestunni. Sinin þykkar rétt ofan við sinafestuna eða um 2.5. cm frá henni þar sem caput longum hluti sinarinnar er retraheraður. Það er bjúgur í mjúkveffjum á þessu svæði. Collateral ligament eru heil og ekki að sjá sjúlegar breytingar í öðrum sinafestum.“

Í læknabréfi F bæklunarlæknis á Læknastöðinni Orkuhúsinu, sem skoðaði stefnanda þann 18. ágúst 2015, segir m.a. að stefnandi hafi verið hvellaumur í olnbogabóttinni, en um hagi og ástand hans segir einnig: „X er [...] ára smiður sem býr [...]. Hefur tvisvar sinnum meitt sig á vinstri olnboga, upphaflega í vor þegar hann var að lyfta einhverju þungu og small í olnboganum. Var þá mjög slæmur í einhvern tíma en batnaði alveg. Hann var síðan að lyfta þungum fataskáp í vinnunni fyrir nokkrum dögum síðan og fann sama gerast aftur. Miklir verkir en hefur samt skánað örlítið. Miklir verkir og hefur samt skánað örlítið.“

Skoðun: Er hvell aumur í foss cubita. Maður þreifa vel biceps sin en hann er verulega aumur. Búinn að fara í segulómun sem sýnir parial rifu og sértakleg tendinosu breytingar í distal biceps sininni. Virðist vera gott continued í sininni og ekki ástæða til að gera aðgerð. Þarf að halda sig frá vinnu í 6 vikur og forðast þungar lyftur. Útskýri þetta fyrir honum í gegnum dóttir hans sem túlkar.

Úrlausnir: Ráðleggingar og útskýringar læknis“

4. Í samskiptaseðli E yfirlæknis frá 28. september 2015 er ástandi stefnanda við skoðun lýst þannig: „... engu betri. Frekar verri. Enn verkir í sininni og meira kraftleysi, á núna í erfiðleikum með að fletera í onboga, þótt ekkert álag sé á. Mikil þreyfiemslí á sininni, bólga og framhandleggurinn er meiri um sig, en sá hæ. Getur ekki extenderað fullt. Hann er mjög ósáttur með ástandið, skiljanlega. Framlengi veikindavottorðið.“

Í skráningu yfirlæknisins, sem dagsett er 30. september, segir: „*Fæ svar frá F, hann telur þörf á aðgerð, mun sjálfur hafa samband við X.*“

5. Í greinargerð B, bæklunarlæknis hjá Orkuhúsinu, dagsettri 11. desember 2018, segir frá því að hann hafi skoðað stefnanda þann 23. október 2015. Í upphafsorðum greinargerðarinnar er tekið fram að tilefnið hafi verið að sonur stefnanda, sem hafi talað „mjög góða íslensku,“ hafi haft símasamband og greint frá því að hann ætlaði að stefnandi væri „alveg óvinnufær vegna verkja, sársauka og kraftleysis í handleggnum við olnboga.“ Fram kemur að læknirinn hafi af þessu tilefni greint syninum frá fyrrgreindri niðurstöðu segulómunar í Orkuhúsinu þann 18. ágúst 2015, þ.e. að tvíhöfðasinin við olnboga stefnanda hefði reynst vera slitin.

Í greinargerðinni segir frá því að við skoðun hafi bæklunarlæknirinn haft áðurrakin heilsufarsgögn um stefnanda undir höndum og að hann hafi af þeim sökum getað skýrt honum frá „alvarleika málsins.“ Þá segir í greinargerðinni:

„X lenti í vinnuslysi 14.08. sl. Hefur verið greindur með biceps rupturu. Ég bauð honum aðgerð í næstu viku, en hann þáði það ekki. Hann er með túlk og ég held að hann skilji út á hvað málið gengur. Skýri út fyrir honum að ekki sé hægt að draga viðgerðina úr hófi. Honum finnst hann vera eitthvað batnandi en ég skýri rækilega fyrir honum að sinin sé ekki á sínum stað og muni ekki fara á sinn stað af sjálfu sér. Mér skilst að hann hafi verið óvinnufær allan tímann og er svo enn. Hann óskar eftir skriflegum upplýsingum frá mér til vinnuveitanda. Hann er með minnkaðan kraft i biceps, sérstaklega i supinations hreyfingunni. Hann er í þungri vinnu og ég útskýri fyrir honum að það geti reynst erfitt að koma til baka þangað. Fékk hann vottorð og mikla hvatningu til aðgerðar enda erfiðisvinnumaður.“ Í niðurlagi greinargerðarinnar er tekið fram að læknirinn hafi sent hinu stefnda félagi vottorð um ástand stefnanda.

Í greinargerð nefnds læknis er áréttað að þrátt fyrir boð um aðgerð við læknisskoðunina þann 23. október 2015, og útskýringar, þ.e. að horfur á fullum bata færu minnkandi með tímanum, hefði stefnandi ekki þegið frekari aðstoð. Um nauðsyn aðgerðarinnar og um viðbrögð stefnanda segir nánar m.a.: „*Án aðgerðar eru horfur frekar slæmar, kraftleysi og jafnvel verkir og sársauki verða til frambúðar. ... Ég tel að hann skilji þetta ... en hann treystir sér ekki til þess.*“

Í greinargerðinni segir að lokum frá því að bæklunarlæknirinn hafi haft samband við fyrrnefndan yfirlækni á Heilsugæslustöðinni [...] vegna ástands stefnanda, en að auk

hafi hann þann 12. janúar 2016 komið skilaboðum til stefnanda í gegnum túlk og þá um að hann ætti að þiggja umrædda aðgerð, en án árangurs.

6. Samkvæmt heilsufarsgögnum fór stefnandi í læknisskoðun til C, bæklunarlæknis í Orkuhúsinu, þann 29. júní 2017 vegna verkja í vinstri olnboganum. Segir frá því í sjúkraskrár að við skoðun læknisins hafi stefnandi haft á orði að hann hefði reynt að vinna, en alltaf verið með verki og þreyttist í hendinni og olnboganum. Síðan segir: „Við skoðun ... voru dreifð eymsli í vinstri olnbogabótinni og minni styrkur við beygju í olnboganum. Auk þess var minni styrkur við lófavendingu upp. Tvíhöfðavöðvinn var lítillaga uppdreginn. Við krókpróf var hann aumur en sinin þreifadist þó, þó hún væri ekki eins þykk og hægra megin.“

Læknirinn greinir nánar frá því að stefnandi hafi verið með stóran hlutaáverka á fjarlægju tvíhöfðasininni, en að auki hafi hann verið með áverka á hinum hluta tvíhöfðans. Fram kemur að læknirinn hafi vísað stefnanda í sjúkraþjálfun í þeim tilgangi að hann næði að byggja upp styrk, jafnvægi og samhæfingu. Læknirinn segir um áverka stefnanda og framtíðarhorfur: „Eftir svona áverka er oft hægt að draga úr óþægindum með betri styrk og jafnvægi. Það er hins vegar vitað að ef svona áverki er ekki lagaður snemma í ferlinu er hætt á að viðkomandi geti átt við að stríða verki og óþægindi til frambúðar.“

7. Í fyrrgreindu sérfræðimati D sérgreinalæknis til Sjúkratrygginga Íslands um varanlega læknisfræðilega örorku stefnanda, dagsettu 17. febrúar 2019, er vísað til áðurrakinna sérfræðigagna. Í upphafsorðum er m.a. rakin sjúkrasaga stefnanda frá fyrstu heimsókn hans á Heilsugæslustöðina á [...]í lok árs 2012 og allt til 14. mars 2015. Segir frá því að í læknisheimsóknum stefnanda á nefndu tímabili hafi hann kvartað um kvið- og bakverki, en að auki vegna slitgigtarbreytinga í hægri mjöðm og loks um andþyngsli. Vegna þessara kvartana hafi stefnandi farið í sjúkraþjálfun og fengið bólgueyðandi lyf.

Sérgreinalæknirinn segir að ekkert annað en ofangreind atriði hafi amað að stefnanda, og þá ekki fyrr en hann varð fyrir meiðslum í vinnuslysi þann 21. mars 2015. Um þann atburð er vísað til áðurrakinna gagna, en einnig er haft eftir stefnanda að hann hafi verið heilsuhraustur, fullvinnufær og hafi aldrei verið metinn til örorku.

Í mati sérgreinalæknisins er fjallað um slysi og meðferð stefnanda vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir þann 14. ágúst 2015, og eru m.a. rakin áðurgreind

heilsufarsgögn varðandi skoðanir og meðferð lækna. Þá er í matinu vikið að eigin lýsingu stefnanda á afleiðingum slyssins þannig:

„Þau einkenni sem tjónþoli býr enn við í kjölfar slyssins eru verkir og hreyfiskerðing í vinstri handlegg. Hann kveðst alltaf vera með verki frá olnbogabót og upp í öxl og stundum bólgni framhandleggurinn upp en líka olnbogabótin. Hann kveðst ekki geta hjólað. Getur ekki unnið við smíðar eða múrverk, störf sem hann hefur haft með höndum og hefur menntun til. Hann getur ekki flísalagt eða unnið á þaki. Eftir slysið kveðst hann hafa stofnað eigið fyrirtæki sem annast smíðar og múrverk. Tjónþoli kveðst stjórna fyrirtækinu og vinnan sé tiltölulega létt. Inn á milli er hann að vinna við hurðauppsætningu. Hann kveðst lítið geta gert heimavið, ekki sett upp hillur né sinnt viðhaldi. Hann kveðst vera réttthentur. Tekur verkjatöflur daglega. Kvartar um þreytu. Getur ekki stundað körfubolta. Finnst máttur í vinstri handlegg yfirleitt skertur.“

Í matinu lýsir sérgreinalæknirinn eigin læknisskoðun á stefnanda þann 8. febrúar 2019, og segir m.a. þar um:

„Tjónþoli er hár maður vexti og töluvert þrekinn, en aðallega sterklega byggður ... Skoðun beinist ... að efri útlimum. Hreyfingar í öxlum eru eðlilegar og samhverfar að frátöldu því að hann kvartar um verki í endastöðu hreyfiferils vinstri axlarliðar. Það eru þreifeymsli til staðar á neðanverðum vinstri upphandlegg og tölverð eymsli í olnbogabótinni sömu megin og niður á miðjan vinstri framhandlegg. Það er enginn dofi til staðar.“

Í matinu lýsir sérgreinalæknirinn hreyfiferlum í olnboga og ummálsmælingum efri útlima stefnanda og segir:

„Það er skertur vöðvakraftur í vinstri upphandlegg aðallega beygja um vinstri olnboga en væg skerðing á vöðvakrafti við réttu um olnbogann. Gripkraftur er verulega skertur og mælist hann með Jamar handstyrkmæli 64 hægra megin og 24 vinstra megin.“

Í niðurstöðukafla matsins segir:

„Í ofangreindu slysi hlaut tjónþoli(stefnandi) rof á tvíhöfðasin vinstra megin. Til stóð að gera aðgerð en af henni varð ekki. Tjónþoli hefur stundað iðnaðarmannastörf og háir færniskerðing sú sem að ofan er rakin honum verulega við öll slík störf. Hann hefur verið hjá sérfræðilæknum og hjá sjúkrahjálfara en auk þess tekur hann bólgueyðandi lyf og verkjalyf.“

Ekki er talið að vænta megi neinna breytinga á ofangreindum einkennum í framtíðinni svo heitið geti. Þá er og lítið svo á að einkennin megi rekja til slys

atburðarins en ekki annars heilsubreysts, þ.e. að skilyrði um orsakasamhengi séu uppfyllt.

Ofangreindur áverki hefur ekki tilvísun í neina grein í miskatöflum Örorkunefndar. Af þeirri ástæðu er stuðst við dönsku miskatöflunar frá Arbejdsskadestyrelsen útg. í janúar 2012. Vísað er í lið D.1.8.5.2. Með tilvísan til þess telst varanleg læknisfræðileg örorka hæfilega metin 12%, (tólf af hundraði).“

IV.

Málsástæður.

1. Stefnandi byggir á því að hann hafi verið félagsmaður í AFLi Starfsgreinafélagi þegar hann slasaðist við vinnu sína hjá stefnda þann 14. ágúst 2015 og því hafi þágildandi kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Samiðnar, sambands iðnfélaga f.h. aðildarféлага í málmiðnaði, byggingariðnaði og skrudgarðyrkju, (SA og Samiðnar), verið í gildi um réttindi og skyldur málsaðila.

Stefnandi byggir á því að hann hafi átt kjarasamningsbundinn rétt til þess að stefndi tryggði hann með slysatryggingu launþega, en í því sambandi bendir hann á að það sé almenn regla á íslenskum vinnumarkaði að samið sé um slysatryggingar launþega í kjarasamningum. Að auki séu slysatryggingar sjómanna að hluta til byggðar á lagaákvæðum, sbr. ákvæði 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Í ljósi þessa liggja fyrir áratugahefð fyrir samningsbundnum og lagalegum skuldbindingum atvinnurekenda til að tryggja eigin starfsmenn fyrir slysum. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt ákvæðum nefnds kjarasamnings, sbr. kafla 8.6, sem í gildi hafi verið þegar hann varð fyrir hinu umþrætta slysi og hlaut hina varanlegu læknisfræðilegu örorku.

Stefnandi áréttar að hann hafi verið við störf í þágu stefnda að [...] þegar hann slasaðist þann 14. ágúst 2015 og hefði því átt að vera tryggður slysatryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi, sbr. óvírætt ákvæði 8.6.7 í kjarasamningi. Stefnandi bendir á að um slíkar tryggingar gildi skilmálar tryggingafélaga, en einnig ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Stefnandi byggir á því að stefndi geti eigi komið sér undan greiðsluskyldu á þeim grundvelli einum að hann hafi eigi verið með gilda slysatryggingu á slysdegi.

2. Stefnandi vísar til þess að örorkubætur úr slysatryggingu launþega séu greiddar á grundvelli metins miskastigs líkt og það er skilgreint í 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi vísar til þess að fyrir liggi að hin varanlega læknisfræðilega örorka hans hafi verið metin 12% (tólf af hundraði), sbr. efni áðurrakinnar matsgerðar D sérgreinalæknis, dagsettrar 17. febrúar 2019. Í því samhengi bendir stefnandi á að í ákvæði 8.6.5 í nefndum kjarasamningi segi að bætur vegna varanlegrar örorku skuli greiðast í hlutfalli við læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Þá skuli hin varanlega örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefin sé út af örorkunefnd, og eigi matið að miðast við heilsufar tjónþola eins og það sé þegar það er orðið stöðugt.

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt á óskertri greiðslu frá stefnda vegna hinnar varanlegu læknisfræðilegu örorku óháð greiðslum sem hann kunnir að hafa átt rétt á frá þriðja aðila, enda sé réttur hans til greiðslna úr slysaftryggingu launþega sjálfstæður réttur og gangi ekki á rétt hans samkvæmt öðrum tryggingum.

3. Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir fyrrgreindu líkamstjóni þann 14. ágúst 2015 vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar, líkt og m.a. sé áskilið í váttryggingarskilmálum slysaftrygginga launþega hjá almennum váttryggingafélögum.

Stefnandi bendir á að slysaftrygging launþega sé svokölluð summutrygging, þ.e. trygging sem feli í sér að tiltekin fjárhæð komi til greiðslu ef váttryggingaratburður verður, óháð raunverulegu fjárhagslegu tjóni. Bendir stefnandi á að í tilviki slíkra trygginga taki greiddar bætur mið af váttryggingarfjárhæð, sem ákveðin er í kjarasamningi, og metinni læknisfræðilegri örorku starfsmanns vegna slysa.

4. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 og beri hann því halla af skorti á sönnun um óljós atriði, ef þau eru á annað borð til staðar varðandi atvik þessa máls. Stefnandi byggir á því að vegna þessa beri að leggja staðhæfingar hans til grundvallar um sönnun á atvikum málsins.

Stefnandi áréttar að kröfur hans í máli þessu lúti að bótum vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku, sem grundvallist á niðurstöðum matsgerðar D sérgreinalæknis, og á kjarasamningi SA og Samiðnar, einkum ákvæðum 8.6.1, 8.6.2, 8.6.5 og 8.6.7. Þá taki dómkrafan einnig til greiðslu ferðakostnaðar og útlagðs kostnaðar, en þar um sé einnig byggt á ákvæðum nefndra heimilda svo og á váttryggingarskilmálum fyrir slysaftryggingu launþega.

Stefnandi sundurliðar eigin dómkröfu nánar þannig:

Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku	2.266.923 krónur.
Ferðakostnaður	404.800 krónur.
Útlagður kostnaður	<u>119.120 krónur.</u>
Samtals	2.790.843 krónur.

Stefnandi bendir á að samkvæmt ákvæði 8.6.5 í kjarasamningi um bætur vegna varanlegrar örorku nemi bætur hans vegna umrædds slyss vegna 12% varanlegrar örorku 2.064.096 krónum miðað við vísitölu 1. maí 2015, sem þá hafi verið 426,4 stig. Hann bendir á að í maí 2019 hafi vísitalan verið 468,3 stig. Samkvæmt þessu eigi bætur vegna hinnar 12% varanlegu örorku hans að nema 2.266.923 krónum.

Stefnandi styður kröfur sínar um ferðakostnað og útlagðan kostnað við ákvæði kjarasamnings, einkum kafla 8.2 og 8.4. Því til viðbótar vísar hann til almennra skilmála slysatrygginga launþega hjá váttryggingafélögum, sbr. að því leyti ákvæði 9.2 í framlögðum váttryggingarskilmálum VÍS hf. nr. SP20, sbr. dskj. 21. Stefnandi bendir á að samkvæmt gögnum hafi hann farið fjórar ökuferðir til Reykjavíkur vegna slyssins til þess að hitta fyrrgreinda lækna vegna skoðana þeirra og örorkumatsins, auk aksturs innan Reykjavíkur. Hafi þessi akstur hans samtals verið 3.680 km (920 km x 4 skipti). Til samræmis við akstursgjald ríkisstarfsmanna, sbr. auglýsingu nr. 3/2015, fari hann fram á greiðslu 110 króna fyrir hvern ekinn km. Krafa hans um bætur vegna ferðakostnaðarins reiknist því með réttu 404.800 krónur (3.680 km x 110 kr/km).

Stefnandi segir að útlagður kostnaður hans vegna máls þessa nemi samtals 119.120 krónum og þá vegna fyrrgreindra læknisvottorða B og C, sbr. dskj. nr. 20 og 21.

Samkvæmt framansögðu nemi ferðakostnaður og útlagður kostnaður hans vegna slyssins samtals 523.920 krónum.

5. Stefnandi krefst vaxta frá slysdeginum 14. ágúst 2015 til 3. júní 2019, að liðnum mánuði frá kröfubréfi, en frá þeim degi til greiðsludags krefst hann dráttarvaxta, sbr. ákvæði nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

6. Fyrir dómi mótmælti stefnandi málsástæðum stefnda, þ. á m. að hann hafi þegar atvik máls gerðust þann 14. ágúst 2015 sýnt af sér „stórkostlegt gáleysi.“ Stefnandi áréttaði m.a. að hann hefði þegar atburðurinn gerðist skyndilega runnið til með byrði sína innandyra í einni þeirra íbúða sem stefndi hafi þá verið með í smíðum og að þar hefði eftir atvikum átt í hlut ryk eða kusk á gólfi, sem á hafi verið papparenningur, sem hafi verið ætlaður til að

verja nýlagt gólfefni. Að þessu leyti vísar stefnandi til ákvæðis 79. gr. laga nr. 46/1980. Jafnframt áréttaði stefnandi andmæli sín um að þær bætur sem hann hefði fengið frá Sjúkratryggingum Íslands bæri ekki að draga frá kröfum hans í þessu máli, enda krefjist hann slysabóta samkvæmt þágildandi kjarasamningi milli SA og Samiðnar, sem stefndi hafi verið bundinn af og hafi verið skylt að efna samkvæmt orðanna hljóðan og þá samkvæmt hinni samningsbundnu fjárhæð ef váttryggingaratburður yrði, óháð hinu raunverulega fjárhagslega tjóni.

Loks andmælir stefndi öðrum málsástæðum og mótbárum stefnda og þar á meðal þeim sem hann segir að fyrst hafi komið fram við munnlegan flutning málsins af hálfu stefnda fyrir dómi, þ.e. að stefnandi hafi eigi virt tilkynningarskyldu laganna um váttryggingarsamning nr. 30/2004, en einnig að því er varðaði tiltekna fresti gagnvart stefnda, og þá sem of seint framkomnum.

7. Um lagarök vísar stefnandi í stefnu til fyrrgreindra ákvæða í kjarasamningi SA og Samiðnar og ákvæða laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Hann vísar einnig til meginreglna vinnuréttar um réttar efndir ráðningarsambanda og til meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda samninga. Að auki vísar stefnandi til almennra váttryggingarskilmála slysatrygginga launþega hjá íslenskum váttryggingafélögum og til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, aðallega 79. gr.

Um vaxtakröfur vísar stefnandi til 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en um dráttarvexti til 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Að því er varðar upphafstíma dráttarvaxta miðar stefnandi við þann dag þegar mánuður var liðinn frá því að kröfubréf hans var sent til stefnda, þann 3. maí 2019, sbr. 9. gr. vaxtalaga. Þá krefst stefnandi dráttarvaxta af útlögðum kostnaði frá þeim degi.

Um varnarþing vísar stefnandi til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en um málskostnað til XXI. kafla sömu laga, aðallega 129. gr. og 130. gr., og um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun vísar hann til laga nr. 50/1988.

V.

Málsástæður stefnda.

1. Stefndi bendir á að í máli þessu sé ekki ágreiningur um að honum hafi láðst að fylgja ákvæðum þágildandi kjarasamnings um að kaupa slysatryggingu hjá tryggingafélagi og að af þeim sökum hafi slík trygging ekki verið í gildi þegar stefnandi varð fyrir hinu umþrætta líkamstjóni sínu þann 14. ágúst 2015. Í því ljósi hafi stefndi

ekki haft uppi athugasemdir við að stefnandi hafi beint dómkröfum sínum að honum í máli þessu.

Stefndi byggir á því að þrátt fyrir ofangreinda vangá hans eigi stefnandi ekki að eiga rýmri rétt gagnvart honum sem vinnuveitanda en hann hefði haft ef slysatrygging tryggingafélags hefði verið virk þegar atvik máls þessa gerðust, sbr. að því leyti m.a. ákvæði 13.2.7 í váttryggingarskilmálum VÍS hf. um slysatryggingu launþega, sem stefnandi hafi lagt fram.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi eigi fylgt þessari síðastgreindu reglu. Í þess stað liggi fyrir í málinu einhliða mat, sem eingöngu hafi verið byggt á gögnum frá stefnanda. Stefndi byggir á því að vegna þessa verði ekki byggt á niðurstöðum sérgreinalæknisins D við úrlausn málsins.

Stefndi byggir á því og áréttar að verði áðurgreind ákvæði kjarasamningsins lögð til grundvallar verði hann að hafa sömu réttarstöðu og ef váttryggingafélag hefði átt aðild að málinu og þá samkvæmt váttryggingarskilmálum og lögnum nr. 30/2004, sbr. rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun, en að öðrum kosti sé brotið gegn jafnræðisreglunni.

2. Stefndi áréttar fyrrgreind andmæli sín við frásögn stefnanda um atvik máls, en einnig vísar hann að því leyti að nokkru til efnisatriða í áðurröktum heilsufarsgögnum.

Stefndi leggur áherslu á að stefnandi hafi aðeins verið ráðinn tímabundið til starfa líkt og ráðningarsamningur og framlagðir launaseðlar vísi til. Þá bendir stefndi sérstaklega á að fyrir liggi að stefnandi hafði orðið fyrir óhappi í vinnu sinni hjá stefnda hinn 21. mars 2015. Er það atvik gerðist hafi stefnandi ásamt fyrirsvarsmanni stefnda verið að koma fyrir gifspötu í umræddri húseign, að [...], en við verkið hafi stefnandi misst máttinn í vinstri handleggnum. Um greint atvik vísar stefndi að nokkru til eigin lýsingar stefnanda, en einnig til áðurrakinna heilsufarsgagna Heilsugæslustöðvarinnar á [...], sbr. dskj. 4 og 27, þar sem því sé lýst að stefnandi hafi allt frá óhappinu fundið fyrir verkjum og að handleggur hans hefði „stundum gefið sig.“ Stefndi bendir á að stefnandi hafi þrátt fyrir þetta ástand eigi sinnt því að koma í boðaða endurkomu til læknis. Stefndi byggir á því að þetta aðgerðaleyfi stefnanda beri að meta honum til gáleysis.

Stefndi áréttar enn fremur fyrrgreind andmæli sín, að því er varðar frásögn stefnanda um að fyrirsvarsaður hans hafi þrýst á hann að hefja störf að nýju eftir hið umþrætta líkamstjón hans í ágúst mánuði 2015, og að hann hafi af þeim sökum eftir atvikum óttast brottrekstur. Stefndi segir að fullyrðingar stefnanda í þessa veru hafi engan stuðning í framlögðum gögnum, en að auki séu þær í andstöðu við hinn tímabundna ráðningarsamning málsaðila. Stefndi staðhæfir að þvert á móti hafi fyrirsvarsaður hans verið í sambandi við verkalýðsfélag stefnanda eftir slysið þann 14. ágúst 2015, en í framhaldi af því hafi stefnandi fengið greidd laun í þrjá mánuði, en einnig

desemberuppbót þrátt fyrir að hann hafi ekki sinnt störfum fyrir stefnda nema þegar hann hafi birst algerlega að eigin frumkvæði, sem hefði verið afar sjaldan.

3. Stefndi bendir á að óumdeilt sé að stefnandi hafi verið einn við störf sín þegar hann varð fyrir líkamstjóni sínu að [...], sbr. að því leyti efni tilkynningar, sem send hafi verið til Sjúkratrygginga Íslands fyrri hluta ársins 2018.

Stefndi byggir á því að ekkert liggi fyrir um að utanaðkomandi atvik hafi komið við sögu í greint sinn, þ.e. þegar stefnandi hafi verið að lyfta tiltekinni skápapakkningu að morgni dags í bílskúrnum að [...], líkt og fyrirvarsmaður stefnda hafi borið um fyrir dómi, og þá eftir samræður við stefnanda.

Stefndi bendir enn fremur á að misræmi sé á lýsingum af greindum atburði, þ. á m. varðandi ætlaðan vettvang, en einnig um aðdraganda hans, og þá annars vegar í málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu og samkvæmt framburði hans fyrir dómi, og hins vegar í áðurröktum heilsufarsgögnum, sbr. að því leyti m.a. hina fyrstu skráningu E yfirlæknis af frásögn stefnanda um atvik máls.

Stefndi byggir á því að auk ofangreindra atriða liggi fyrir misvísandi upplýsingar um heilsufar stefnanda og þá m.a. um afleiðingar hins fyrra óhapps hans í marsmánuði 2015. Stefndi byggir á því að skráning fyrrgreinds yfirlæknis sé samtímagagn og hafi ríkara sönnunargildi um það sem gerðist og þá fremur en það sem fram hafi komið í málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu, sem hafi verið rituð um þremur og hálfu ári eftir að atvik máls gerðust. Í þessu samhengi bendir stefndi á að í skráningu yfirlæknisins, en einnig í síðari greinargerðum bæklunarlækna, þ. á m. F og B, sé ekkert vikið að því að stefnandi hafi í aðdraganda líkamstjónsins þann 14. ágúst 2015 runnið skyndilega til á gólfi. Í þess stað sé skráð að vinstri hönd hans hafi gefið sig þegar hann hafi verið að lyfta þungum skáp. Það hafi fyrst verið í febrúarmánuði 2018 sem því hafi verið haldið fram að stefnandi hafi runnið til, sbr. það sem skráð hafi verið í fyrrnefndri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands. Stefndi bendir einnig á að stefnandi hafi í þessari tilkynningu ranglega haldið því fram að hann hafi aldrei áður orðið fyrir slysi, og þá eigi nokkrum mánuðum fyrr líkt og fyrir liggi í málinu.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi í raun hvorki fært líkur fyrir né sannað hvernig hið umþrætta atvik og líkamstjón hans bar að þann 14. ágúst 2015. Stefndi byggir enn fremur á því að hinar síðari skýringar stefnanda á atvikinu og hin breytta frásögn hans, m.a. fyrir dómi um að við sögu hafi komið utanaðkomandi hlutir eða aðstæður á slysavettvangi, sem hafi haft áhrif á atburðarásina og leitt til þess að hann varð fyrir fyrir líkamstjóni, skorti allan trúverðugleika. Beri því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi áréttar að við mat á sönnunarvægi fyrrgreindra gagna verði að telja

ótvírætt að hin skráðu samtímagögn eigi að hafa mun meira vægi en frásögn stefnanda.

4. Stefndi bendir á að í 90. gr. laganna um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sé m.a. fjallað um þær reglur sem gilda um váttryggingaratburði sem valdið er af gáleysi. Hann byggir á því að það atriði hafi einmitt verið raunin í tilviki stefnanda, enda hafi hann valdið hinum umþrætta atburði með eigin stórkostlegu gáleysi. Því til viðbótar hafi stefnandi með hegðan sinni stuðlað að því að afleiðingar tjóns hans hafi orðið meiri en nauðsynlegt hafi verið. Því séu skilyrði lagagreinarinnar fyrir hendi í máli þessu.

Stefndi áréttar að stefnandi hafi orðið fyrir hinu fyrra líkamstjóni á vinstri handlegg nokkrum mánuðum áður en hann varð fyrir hinu umþrætta líkamstjóni í ágústmánuði 2015, sbr. það sem rakið hafi verið úr fyrrgreindum sjúkragögnum. Í þessu sambandi bendir stefndi á hina almennu umfjöllun í greinargerð D lækni um heilsufar stefnanda allt frá árinu 2012, og þá um að hann hafi verið með verki í mjöðm, kviði og baki, sem hafi verið til viðbótar við þann áverka sem hann hafði fengið á vinstri handlegginn í marsmánuði 2015. Engu að síður sé í greinargerðinni haft eftir stefnanda að hann hafi verið „fullvinnufær“ þegar hann varð fyrir hinu umþrætta líkamstjóni. Stefndi áréttar að þessi síðastgreinda lýsing sé ekki í samræmi við eigin frásögn stefnanda samkvæmt þeirri sjúkraskrá sem E yfirlæknir hafi ritað á slysdegi. Þar komi fram að stefnandi hafi ekki verið góður í vinstri hendinni eftir slysið í mars 2015. Þessu til viðbótar hafi fyrirvarsmáður stefnda fengið af því ávæning frá stefnanda að hann hefði fyrr á árum orðið fyrir slysi erlendis á vinstri hendi. Vegna þessa hafi verið skorað á stefnanda undir rekstri málsins að leggja fram eigin sjúkraskrá frá fyrrum heimalandi sínu eða önnur sambærileg vottuð skjöl sem gætu lýst heilsufari hans þegar hann átti búsetu erlendis. Ekki hafi verið orðið við þessari áskorun um gagnaöflun, en stefnandi loks haft orð á þessu atriði í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi, og þá með þeim hætti að hann hefði orðið fyrir áverkum á framhandlegg vinstri handar skömmu eftir aldamótin síðustu.

Stefndi byggir á því að í ljósi alls framangreinds verði að telja að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann varð fyrir hinu umþrætta slysi og að til staðar hafi verið bein orsakatengsl milli háttsemi hans og þess líkamstjóns sem hann varð þá fyrir. Í því viðfangi bendir stefndi á að stefnandi hafi ákveðið að flytja hina ósamsettu stóru fataskápeiningu í einu lagi milli herbergja í einni af íbúðunum að [...] þrátt fyrir að engin fyrirmæli hafi legið fyrir um að slíkt verklag skyldi viðhafa af hálfu fyrirvarsmanns stefnda. Stefndi bendir á að það hafi verið leikur einn fyrir stefnanda að opna pappapakkinguna og flytja síðan skápeiningarnar í tveimur eða þremur ferðum. Slíkt verklag hafi stefnandi einmitt átt að viðhafa í ljósi þess sem haft hafi verið eftir honum um eigið heilsufar í nefndum gögnum.

Stefndi byggir á því að við mat á því hvort stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi beri einnig að taka mið af því að hann hafi eigi sinnt ráðgjöf lækna um að fara í

viðeigandi lækniáðgerð vegna þess líkamstjóns sem hann hafði orðið fyrir. Stefndi bendir á að þó svo að um eftirfarandi háttsemi stefnanda hafi verið að ræða megi ljóst vera að taka eigi tillit til þessa áðgerðaleysis hans við mat á gáleysinu, enda megi ætla að líkamstjón hans hafi orðið verra af þessum sökum.

Í samræmi við ofangreind atriði andmælir stefndi því að fyrirsvarsmaður hans hafi veitt stefnanda rangar upplýsingar um bótaréttindi í þeim samræðum sem þeir hefðu átt eftir slysið, þó svo að vera kunni að um ólíkan skilning hafi verið að ræða þeirra í millum vegna tungumálaerfiðleika. Stefndi staðhæfir að fyrirsvarsmaðurinn hafi þvert á móti sýnt stefnanda vinsemd, en þá án þess að fallast á ítrekaðar kröfur hans um fjárgreiðslur. Í þess stað hafi stefndi greitt ýmsan útlagðan kostnað vegna líkamstjóns stefnanda, en þá án þess að í því fælist nokkur viðurkenning á því að hinn umþrætti atburður hefði falið í sér bótaskyldu.

Stefndi byggir á því og áréttar að stefnandi beri sjálfur alla ábyrgð á því hvernig mál hans þróuðust, sbr. það sem hér að framan hefur verið rakið. Stefndi áréttar jafnframt að aldrei hafi verið þrýst á stefnanda að mæta að nýju til vinnu eftir slysið. Þá hafi fyrirsvarsmaður stefnda heldur ekki komið í veg fyrir að stefnandi færi í áðgerð á vinstri handleggnum líkt og fyrrnefndir lækna hafi ráðlagt honum að gera. Í þessu samhengi áréttar stefndi að hinn tímabundni ráðningarsamningur hafi því sem næst verið á enda runninn þegar atvik máls gerðust.

Stefndi byggir á því að af öllu framangreindu virtu beri að sýkna hann af dómkröfum stefnanda í máli þessu, enda andmæli hann öllum málsástæðum hans.

5. Stefndi bendir á að stefnandi byggi málarekstur sinn m.a. á því að um slysatryggingar gildi tryggingarskilmálar tryggingafélags og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Stefndi byggir á því að með þessum málalíbúnaði fallist stefnandi á að dómkrafa hans eigi að uppfylla þær reglur og málsmeðferð sem tíundaðar séu í þessum heimildum, sbr. að því leyti váttryggingarskilmála tryggingafélagsins VÍS hf., sem stefnandi hafi lagt fram, en þá einnig að virtum skilmálum annarra tryggingafélaga í landinu. Stefndi bendir á að samkvæmt áður nefndu ákvæði í váttryggingarskilmála VÍS hf., 13.2.7, sé gert ráð fyrir því að leiði slys til læknisfræðilegrar örorku skuli tryggingafélagið og váttryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til að meta afleiðingarnar. Stefndi bendir á að þessari málsmeðferð hafi stefnandi ekki fylgt við rekstur þessa máls, en í þess stað hafi hann lagt fram áðurrakið mat Sjúkratrygginga Íslands. Stefndi byggir á því að slík málsmeðferð sé ekki fullnægjandi enda gildi ekki sömu sjónarmið um bætur á grundvelli váttryggingaréttar og almannatrygginga. Verði því ekki byggt á niðurstöðu Sjúkratrygginga um að læknisfræðileg örorka stefnanda sé 12% líkt og dómkrafa hans byggist á. Málalíbúnaður

og krafa stefnanda sé því eigi reist á viðhlítandi lagagrunni varðandi miskastigið verði á annað borð litið svo á að um slys hafi verið að ræða og þá fremur en óhapp, líkt og stefndi haldi fram. Því beri að sýkna stefnda, enda skorti fullnægjandi sönnun um við hvaða miskastig eigi að miða, þ.e. þegar byggt er á framangreindum ákvæðum kjarasamnings SA og Samiðnar.

Þessu til viðbótar bendi stefndi á að í 8. gr. váttryggingarskilmála VÍS hf. sé hugtakið slys skilgreint. Einnig sé slyshugtakið skilgreint í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga, en í því sambandi bendir stefndi á að hafa verði í huga að þau lög hafi félagslegan tilgang og sé tilhneiging til þess að skýra þar hugtakið með rýmri hætti en í váttryggingarrétti. Stefndi byggir á því, og þá með vísan til dómafordæma og að teknu tilliti til úrskurða úrskurðanefndar velferðarmála, að stefnanda hafi með málatilbúnaði sínum ekki tekist að sanna að um slys hafi verið að ræða í lögfræðilegum skilningi þegar hann varð fyrir hinu umþrætta líkamstjóni sínu þann 14. ágúst 2015. Um hafi verið að ræða óhapp, sem stefnandi beri sjálfur ábyrgð á.

Stefndi segir að í ljósi alls framangreinds andmæli hann útreikningum stefnanda að því er varði fjárhæð bóta, en einnig kröfum hans um greiðslu ferðakostnaðar og útlagðs kostnaðar, en að auki áréttar hann að hann hafi lagt stefnanda til töluverða fjármuni vegna þessara síðasttilgreindu útgjalda, sbr. dskj. nr. 48-51.

Við flutning málsins fyrir dómi var af hálfu stefnda á því byggt að stefnandi hefði eftir líkamstjónið þann 15. ágúst 2015 eigi virt fortakslaus tímamörk váttryggingaréttarins varðandi tilkynningar, sbr. að því leyti ákvæði í skilmálum tryggingafélaga, en einnig ákvæði 124. eða 125. gr. laga nr. 30/2004. Um sé að ræða lagarök og því sé þessi röksemd hans eigi of seint fram komin. Vegna þessa beri að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

6. Um lagarök vísar stefndi í greinargerð sinni til almennra reglna um sönnun í einkamálum, og þá einkum varðandi gildi samtímagagna. Varðandi hina lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu slysi vísar stefnandi til skaðabótalaga nr. 50/1993 og laganna um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, einkum 90. gr. Einnig byggir stefndi á fyrrgreindum ákvæðum kjarasamnings SA og Samiðnar, og á ákvæðum váttryggingarskilmála VÍS um slysatryggingu launþega, en einnig á ákvæðum laga um slysatryggingu almannatrygginga nr. 45/2015. Loks vísar hann til ákvæða laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, þ. á m. XXI. kafla varðandi málskostnað, en einnig vísar hann til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

VI.

1. Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur stefnandi og fyrirsvarsmáður stefnda, A húsasmíðameistari. Vitnaskýrslur gáfu E, yfirlæknir á Heilsugæslustöðinni [...], og H, formaður AFLs starfsgreinafélags. Verður vikið að framburði þeirra fyrir dómi eftir því sem þörf er á, sbr. að því leyti einnig umfjöllun í niðurstöðukafla dómsins, en ekki þykir ástæða til að rekja frásögn síðastnefnda vitnisins.

2. Stefnandi skýrði frá því í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hefði hafið störf að morgni 14. ágúst 2015 um kl. 08.00, en fyrir hafi legið að hann myndi þá halda áfram því verki sem hann hafði verið að sinna daginn áður, sem hafi varðað lokafrágang í einni af þeim þremur íbúðum sem hið stefnda félag hafði verið með í smíðum að [...]. Hann sagði að verk hans hefði falist í því að setja upp fataskápa, en af þeim sökum hefði hann opnað útidyrnar að þeirri íbúð sem hann ætlaði að fara að starfa í, en síðan hefði hann farið í bílskúr fasteignarinnar þar sem pakkningar með ósamsettum skápum hafi verið geymdar, ásamt öðru byggingarefni stefnda. Stefnandi sagði að pakkning þessi hafi verið liðlega 40 kg, um 250 cm á hæð og um 50 cm á breidd, en af þeim sökum hefði hann ekki átt í erfiðleikum með að bera hana einsamall vegna eigin líkamsburða. Stefnandi staðhæfði að hann hefði viðhaft tíðkanleg vinnubrögð og þá þannig að pakkningarnar hefðu fyrst verið opnaðar þegar þær höfðu verið færðar inn í íbúðirnar og þá til þess að forðast rispur.

Stefnandi skýrði frá því að hann hefði borið umrædda pakkningu frá bílskúrnum sem leið lá að útidyrhurðinni, en vegna hæðarmunar hefði hann þar þurft að lyfta henni örlítið og þá á hægri öxlina, þ.e. þegar hann hefði farið inn í íbúðina. Var það ætlan stefnanda að papparenningar hefðu verið á gólfi íbúðarinnar er þetta gerðist, en þeim hafi verið ætlað að hlífa flísum og parketi. Stefnandi skýrði frá því að eftir að hann var kominn inn í íbúðina og verið mjög nærri parketlögnum hefði hann runnið til á gólfinu og misst jafnvægið, en af þessum sökum hefði hann einnig misst takið með hægri hendinni á pakkningunni. Vegna þessa hefði allur þungi hennar lagst á vinstri höndina hans. Hann hefði heyrt brothljóð frá vinstri hendinni og samtímis fundið fyrir miklum verk. Stefnandi kvaðst nærri viss um að hann hefði runnið til með lýstum hætti þar sem ryk hefði verið á þeim papparenningi sem hann hafði stigið á og þá vegna yfirstandi byggingarframkvæmda. Um óhapp hefði verið að ræða og hafði stefndi á orði að nauðsynlegt hefði verið að líma papparenningana fast við gólfid.

Stefnandi skýrði frá því að hann hefði þegar eftir ofangreint atvik farið fótgangandi á Heilsugæslustöðina, um 7 mínútna leið, og þá nær strax hitt fyrir yfirlækninn E. Hann staðhæfði að samskiptin við lækinn hefðu einkennst af tungumálaerfiðleikum enda hefði hann aðeins talað eigið móðurmál á þessum tíma. Hann hefði hins vegar bent læknum á vinstri höndina, sem þá hafi þegar verið sýnilega bólgin, og ætlaði að lækinn hefði reynt að skrá frásögn hans af tilkomu áverkans eftir bestu getu. Stefnandi vísaði til þess að samkvæmt sjúkraskrá læknisins kæmu fyrir orð hans um skáp, sem hefði verið í samræmi við það að hann hefði bent læknum á nálægan skáp við læknisskoðunina. Stefnandi sagði frá því að yfirlæknirinn hefði haft orð á því að hringja í dóttur hans eða son í greint sinn.

Stefnandi andmælti þeirri skráningu í sjúkraskránni að hann hafi umræddan morgun sagt við yfirlækninn að hann hefði allt frá hinu fyrra vinnuslysi, þann 21. mars sama ár, verið með verk í vinstri hendinni og að hún hefði stundum gefið sig. Hann staðhæfði að lækinn hafi að þessu leyti haft rangt eftir honum, en jafnframt kannaðist hann ekki við að hafa verið boðaður í endurkomu á Heilsugæslustöðina vegna þessa fyrrgreinda slyss. Hann staðhæfði að vegna fyrra slyssins hefði hann aðeins misst tvo daga úr vinnu hjá stefnda, en eftir það ekki fundið til verkja og hefði því náð fullum bata, og því hefði hann getað unnið fullan vinnudag hjá stefnda. Stefnandi staðhæfði að hann hefði gleymt að greina frá hinu fyrra vinnuslysi þegar hann hefði farið í hið læknisfræðilega mat til D sérgreinalæknis á árinu 2019. Hið sama hefði gilt um þau meiðsli sem hann hefði orðið fyrir á fingrum og framhandlegg vinstri handar í fyrrum heimalandi hans skömmu eftir síðustu aldamót, enda hefði hann náð fullum bata af þeim áverkum.

Stefnandi staðfesti að vegna þess slyss sem hann varð fyrir í ágústmánuði 2015 hefði hann í októbermánuði það ár farið í læknisskoðun í Orkuhúsinu í Reykjavík, og þá hitt fyrir F bæklunarlækni. Hann kvaðst þá hafa verið í fylgd unglingsdóttur sinnar, sem hefði túlkað samskipti hans við lækinn. Stefnandi staðfesti að eftir ómskoðun og skoðun nefnds læknis hafi hann fengið þær upplýsingar að sin hans í vinstri olnbognum hefði rifnað en ekki slitnað og jafnframt að áverkinn myndi lagast af sjálfsdáðum. Því hafi verið talið að aðgerð væri ekki nauðsynleg. Stefnandi sagði að síðar hefði hann haft af því spurnir að nefndur bæklunarlæknir hefði skipt um skoðun og þá þannig að hann hefði talið þörf á aðgerð vegna áverkans á sininni. Stefnandi staðhæfði að þessi viðsnúningur hefði komið honum á óvart og af þeim sökum hefði hann ákveðið að fara ekki í

aðgerðina. Hann hafi haldið fast við þá ákvörðun sína og þá eftir að hafa hlýtt á orð B bæklunarlæknis seinni hluta októbermánaðar sama ár, sem hefði lýst sömu skoðun og hinn fyrrnefndi bæklunarlæknir. Stefnandi skýrði þá afstöðu þannig að hann hefði verið ringlaður vegna misvísandi orð læknanna, auk þess sem hann hefði fengið þær upplýsingar að óvíst væri um árangur af slíkri aðgerð. Hann hefði hins vegar hlýtt orðum fyrrnefnds yfirlæknis varðandi teygjuæfingar, en af þeim sökum hefði hann ekki þegið sjúkraþjálfun.

Fyrir dómi staðfesti stefnandi efnisatriði í áðurrakinni greinargerð D sérgreinalæknis, þar á meðal varðandi þá áverka sem hann hafði orðið fyrir þann 14. ágúst 2015, og að hann hafi af þeim sökum þurft að hætta störfum hjá stefnda. Stefnandi sagði að það skref hafi í rauninni verið gegn hans vilja, og því hefði hann farið til starfa hjá stefnda í einn dag eftir að fokskeppir höfðu orðið á þaki húseignarinnar að [...].

3. Fyrirsvarsmaður stefnda, A, skýrði frá því að stefnandi hafi hafið störf hjá stefnda í marsmánuði 2015 og þá samkvæmt tímabundnum ráðningarsamningi sem stefnandi hefði þó ekki viljað undirrita. Hann sagði að samningur þessi hefði í raun gilt frá 13. apríl nefnt ár, en staðfesti að honum hefði láðst að kaupa tíðkanlega slysatryggingu við upphaf starfa stefnanda. Hann kvað stefnanda hafa verið eina starfsmann stefnda, þó svo að fleiri faglegir iðnaðarmenn hefðu stundum komið að byggingarframkvæmnum að [...]. Hann kvaðst oft hafa unnið með stefnanda við verkið og þá allt þar til að hann hætti störfum vegna þeirra líkamsmeiðsla sem hann varð fyrir þann 14. ágúst nefnt ár. Hann sagði að stefnandi hafi verið dugandi starfsmaður, líkt og fyrrgreint meðmælabréf hans hefði borið vitni um. Hann hefði því treyst stefnanda til verka og bar að hann hefði oft unnið langan vinnudag, og hefði á stundum þannig skilað yfir 200 vinnustundum á mánuði. Hann sagði að tungumálaörðugleikar þeirra í millum hefðu verið allnokkrir, en af þeim sökum hefðu þeir iðulega haft samskipti sín í milli með látbragði, en einnig með því að teikna á blað. Það hafi þó stundum komið fyrir að sonur stefnanda hefði komið á vinnusvæðið og túlkað fyrir þá. Hann sagði að stefnandi hefði orðið fyrir meiðslum í vinnunni þann 21. mars nefnt ár, og bar að hann hefði þá misst mátt í hendi. Hann véfengdi ekki að stefnandi hefði lítið misst úr vinnu vegna þessa slyss líkt og áðurgreindur vinnustundafjöldi hans samkvæmt launaseðlum bæri vitni um, og bar að hann hefði talið stefnanda fullfæran til vinnu fljótlega eftir umræddan atburð.

Fyrirsvarsmáðurinn svaraði því til aðspurður að hann myndi ekki eftir því hvort pappi hafi verið lagður á gólf þeirrar íbúðar þar sem stefnandi varð fyrir líkamsmeiðslum sínum þann 14. ágúst 2015. Hann sagði að slíkt verklag sem stefnandi lýsti væri tíðkanlegt og gott, enda væri það gert til þess að verja gólfefni. Hann sagði að þegar þetta væri gert væri pappinn yfirleitt límdur niður: „þannig að hann sé ekki að flapsa upp og menn geti dottið um hann.“

Fyrirsvarsmáðurinn kvaðst ekki hafa verið að störfum að [...] að morgni 14. ágúst 2015, en haft spurnir af líkamsáverkum stefnanda um hádegisbilið og að hann hefði þurft að leita læknaaðstoðar. Hann kvaðst hafa hitt stefnanda að máli daginn eftir og þá skilist að hann hefði orðið fyrir meiðslum sínum í bílskúrnum að [...], sem hefði í raun verið geymslustaður stefnda vegna umræddra byggingarframkvæmda. Í þessum samskiptum kvaðst hann hafa skilið stefnanda á þann veg að hann hefði meiðst þegar hann hefði verið að lyfta upp skápapakkingu og að ætlan hans hefði verið að fara með hana inn í eina af þeim þremur íbúðum sem stefndi var með í smíðum í sama húsnæði. Hann sagði að áður hefðu þeir tveir borið sams konar pakkingar saman í hinar íbúðirnar tvær, og vísaði til þess að þær hefðu hver um sig verið um 40 kg, um 220 cm á hæð og um 50 cm á breidd.

Fyrirsvarsmáðurinn staðfesti að stefnandi hefði í raun verið óvinnufær eftir umrætt slys og því eigi komið aftur til starfa hjá stefnda. Hann sagði að það hefði raunar verið í samræmi við hinn tímabundna ráðningarsamning. Hann kvaðst ekki hafa tilkynnt um slys stefnanda til Vinnueftirlitsins, en hins vegar átt orðastað við starfsmann verkalýðsfélagsins og í framhaldi af því m.a. greitt stefnanda laun í þrjá mánuði. Þá kvaðst hann hafa ritað undir yfirlýsingu til Sjúkratrygginga Íslands um slys stefnanda í febrúarmánuði 2018, og á þeirri stundu ætlað að þar hefði verið rétt greint frá atvikum málsins, og þar á meðal að stefnandi hefði runnið til, en sagði að hann hefði síðar véfengt þá lýsingu.

4. Vitnið E yfirlæknir kvaðst hafa hitt stefnanda að morgni 15. ágúst 2015, kl. 9:44, á Heilsugæslustöðinni á [...]. Vitnið staðfesti efni sjúkraskráa, sbr. kafla III, liði 2-4 hér að framan, og þá m.a. að því er varðaði frásögn stefnanda um afleiðingar slyss hans þann 21. mars sama ár. Vitnið sagði að skrif þess um „langa sögu“ vísaði aðeins til þessa atburðar.

Vitnið kvaðst í greint sinn ekki hafa getað rætt við stefnanda á móðurmáli hans, en treysti sér ekki til að segja til um hvort samskipti þeirra hefðu farið fram á ensku eða

íslensku. Vitnið staðfesti að það hefði átt samtál við dóttur stefnanda í síma og ætlaði að það hefði verið vegna tungumálaerfiðleika í samskiptum þess við stefnanda.

Vitnið vísaði til skráningar í sjúkraskrá, þ. á m. skráningar hennar og F bæklunarlæknis, og bar að í upphafi hafi verið talið að svonefnd tvíhöfðasin í olnboga stefnanda hefði ekki alfarið verið rifin í sundur heldur aðeins að hluta til og þar sem þræðir í sininni hafi legið vel hefði þótt ástæða til að láta reyna á bata án aðgerðar. Það hefði þannig verið talið mögulegt að sinin myndi gróa með tímanum. Vitnið sagði að þetta álit, og þá m.a. hjá nefndum bæklunarlækni, hefði breyst þegar í ljós hefði komið að ástand stefnanda hafði ekki breyst til batnaðar eftir sex vikna hvíld, og í raun heldur versnað, og sagði að í lok september nefnt ár hefði greiningin á áverkanum verið: „... rof á vöðva og sin eða á öðrum hlutum á tvíhöfðavöðvar – S46.“

VI.

Niðurstaða.

1. Í máli þessu krefur stefnandi hið stefnda félag um greiðslu bóta vegna vinnuslyss sem hann varð fyrir í starfi sínu hjá félaginu föstudagsmorguninn 14. ágúst 2015 á byggingarsvæði þess að [...] á [...].

Hér að framan hafa verið raktir helstu málavextir, en einnig hafa verið tíundaðar þær málsástæður sem málsaðilar hafa teflt fram, einkum í stefnu og greinargerð og við flutning málsins, svo og lagarök þeirra.

2. Fyrir liggur að stefnandi hóf störf hjá stefnda í mars 2015, sbr. að því leyti ákvæði ráðningarsamnings, sem hafði reyndar gildistíma frá 13. apríl til 30. september það árið. Stefnandi var eini fastráðni starfsmaður stefnda á þessu tímabili. Um kjör stefnanda fór samkvæmt ákvæðum kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og Samiðnar, sambands iðnfélaga f.h. aðildarfélaga í málmiðnaði, byggingariðnaði og skrudgarðyrkju (SA og Samiðnar), sem gildi fyrir tímabilið frá 1. maí 2015 til 31. desember 2018.

Í nefndum kjarasamningi, 8. kafla, lið 8.6.1, segir að atvinnurekanda sé skylt að tryggja það launafólk sem samningur tekur til fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu. Í lið 8.6.2 segir að tryggingar taki gildi gagnvart starfsmanni þegar hann hefur störf fyrir atvinnurekanda (fer á launaskrá) og falli úr gildi þegar hann hættir störfum. Í lið 8.6.3 er m.a. kveðið á um að vátryggingarfjárhæðir miðist við neysluvísitölu og að bótafjárhæðir breytist í réttu

hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Þá segir m.a. í lið 8.6.5 að bætur vegna varanlegrar örorku greiðist í hlutfalli læknisfræðilegrar afleiðingar slyss og að slík örorka eigi að metast til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefin sé út af örorkunefnd, og að matið eigi að miðast við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt, og þá með hliðsjón af tiltekinni grunnfjárhæð. Þá segir í lið 8.6.7: „Öllum atvinnurekendum ber að kaupa tryggingu hjá tryggingarfélagi með starfsleyfi hér á landi sem fullnægir ofangreindum skilyrðum kjarasamningsins um slysatryggingar. Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingfélags og ákvæði laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.“

Ágreiningslaust er að stefndi vanefndi að kaupa hina umsömdu slysatryggingu hjá tryggingafélagi samkvæmt ákvæði kjarasamningsins. Er því málsókn stefnanda réttilega beint að stefnda.

3. Hér fyrir dómi hafa málsaðilar lýst í aðilaskýrslum atvikum frá sínum sjónarhóli. Í því viðfangi er til þess að líta að við úrlausn einkamála hafa staðhæfingar aðila um atvik almennt ekki sönnunargildi fyrir dómi, nema um sé að ræða atriði sem honum er óhagstætt, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við úrlausn um sönnun atvika verður í þessu máli því m.a. að taka afstöðu til þess hvort staðhæfingar málsaðila fái nægjanlega stoð í sönnunargögnum sem aflað hefur verið við rekstur þess. Að öðru leyti verður skorið úr ágreiningi eftir mati á þeim gögnum sem fram hafa komið í málinu, samkvæmt almennum reglum VI. kafla laganna, en einnig að virtum öðrum gildandi lagareglum.

4. Óumdeilt er að stefnandi varð fyrir líkamsmeiðslum sínum á fyrrnefndum byggingarstað stefnda að [...], en ágreiningur er um hvar það gerðist, þ.e. hvort slysvettvangurinn hafi verið í bílskúr þar sem stefndi geymdi byggingarefni vegna yfirstandandi framkvæmda eða í einni af þeim þremur íbúðum sem þar var verið að reisa.

Eigi er ágreiningur um að stefnandi hafi í greint sinn verið að vinna við uppsetningu á fataskápum og að hann hafi verið að eiga við tiltekna pappapakkingu, sem hafði að geyma ósamsettan fataskáp. Ágreiningur er hins vegar um hvort stefnandi hafi við þennan starfa orðið fyrir slysi í skilningi váttryggingaréttar eða hvort um óhapp hafi verið að ræða, sem hann beri sjálfur ábyrgð á og þá m.a. vegna eigin gáleysis. Í

aðilaskýrslum fyrir dómi hafa stefnandi og fyrirsvarsmaður stefnda, A, lýst umræddri pakkningu og almennu verklagi, og er nokkur samhljómur þar um.

5. Samkvæmt gögnum fór stefnandi á nærliggjandi Heilsugæslustöð strax eftir að hann varð fyrir líkamsmeiðslum sínum á vinstri olnboga umræddan morgun. Samkvæmt aðilaskýrslu fyrirsvarsmanns stefnda hafði hann spurnir af meiðslum stefnanda um hádegisbilið þennan dag, en hafði að auki tal af honum daginn eftir. Samkvæmt gögnum fór stefnandi ekki aftur til eiginlegra starfa til stefnda vegna þeirra líkamsmeiðsla sem hann varð fyrir í greint sinn, en þá einnig vegna ákvæða hins tímabundna ráðningarsamnings.

6. Eins og rakið hefur verið leitaði stefnandi ítrekað eftir læknishjálpi vegna þeirra meiðsla sem hann varð fyrir á vinstri hendi, en þá einkum í olnbogabótinni í greint sinn. Samkvæmt sjúkragögnum var í fyrstu talið að um tognun væri að ræða, en eftir síðari greiningar, þ. á m. hjá sérfræðingum í Orkuhúsinu, varð það niðurstaðan að auk vöðvameiðsla á vinstri handlegg hefði svonefnd tvíhöfðasin í vinstri olnboga hans slitnað. Að virtri áðurrakinni greinargerð B bæklunarlæknis, sem skoðaði stefnanda þann 23. október 2015, verður lagt til grundvallar í máli þessu að stefnanda hafi þann dag skýrlega verið gerð grein fyrir eðli og alvarleika meiðslanna, m.a. með aðstoð túlks, og að honum hafi þá jafnframt verið ráðlegt að fara í aðgerð. Einnig liggur fyrir að stefnanda hafi á síðar stigum ítrekað verið gerð grein fyrir alvarleika áverka hans, sbr. áðurrakið álit C bæklunarlæknis, sem skoðaði stefnanda þann 29. júní 2017.

7. Við flutning málsins fyrir dómi var á því byggt af hálfu stefnda að stefnandi hafi eftir að hann varð fyrir líkamsmeiðslum sínum, þann 14. ágúst 2015, eigi virt fortakslaus tímamörk váttryggingaréttar um tilkynningar, sbr. að því leyti ákvæði 124. og 125. gr. laga nr. 30/2004, en einnig samkvæmt skilmálum tiltekinna tryggingafélaga. Við flutninginn andmælti stefnandi þessum málsástæðum sem of seint fram komnum.

Líkt og áður hefur verið rakið var fyrirsvarsmanni stefnda kunnugt um meiðsli stefnanda eigi síðar en 15. ágúst 2015, en jafnframt að stefnandi hefði af þeim sökum misst vinnufærni sína, a.m.k. tímabundið.

Í 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. ákvæði 4. gr. breytingarlaga nr. 15/2015, eru reglur um fresti vinnuveitanda til að tilkynna tryggingafélagi um váttryggingaratburð og þá um fresti til að bregðast við með

lögformlegum aðgerðum í framhaldi af því. Er í aðalatriðum miðað við að vinnuveitanda beri að tilkynna um slíkan atburð innan árs frá því að hann fékk vitneskju um tjónsatburð nema að tryggingafélaginu hafi borist vitneskja um hann með öðrum hætti. Ákvæði 125. gr. laganna varða reglur um fyrningarfesti.

Eins og áður er rakið sendi lögmaður stefnanda stefnda bréf þann 3. maí 2019 og krafðist bóta vegna hinna varanlegu líkamsmeiðsla. Fyrir liggur í málinu afrit af bréfi lögmanns stefnda, dagsettu 19. júní sama ár, þar sem bótaskyldu var hafnað með tilgreindum forsendum, en eigi var í bréfi þessu getið um ofangreindan málshöfðunarfrest og aðrar lögfylgjur, og þá um að stefnanda hafi verið leiðbeint að fylgja slíkum reglum, líkt og kveðið er á um 2. mgr. 124. gr. laganna um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Samkvæmt réttarfarsreglum 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eiga málsástæður og varnir stefnda að koma fram í greinargerð. Að þessu virtu verður fallist á andmæli stefnanda, sbr. ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. og 5. mgr. 101. gr. nefndra laga, og verður því ekki á hinum síðastgreindu málsástæðum stefnda byggt, sbr. ítrekuð dómafordæmi Hæstaréttar Íslands, m.a. í málinu nr. 178/1969.

8. Samkvæmt aðilaskýrslum stefnanda og fyrirsvarsmanns stefnda áttu þeir í mjög takmörkuðum talsamskiptum vegna tungumálaörðugleika í þá fimm mánuði sem hinn fyrrnefndi starfaði hjá stefnda. Í þess stað munu samskipti þeirra hafa farið fram með skriflegum hætti, en þó einstaka sinnum með aðstoð sonar stefnanda, sem túlkaði fyrir þá. Er þetta í samræmi við það sem skráð er í þeim sjúkragögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn. Við aðalmeðferð málsins kom hins vegar fram að íslenskukunnátta stefnanda hefur að líkum tekið framförum á liðnum árum.

9. Fyrir liggur í máli þessu að stefndi tilkynnti eigi til Vinnueftirlits ríkisins um hinn umþrætta atburð að [...] á [...], sbr. ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

10. Í sjúkraskrá E yfirlæknis, sem rituð var vegna komu stefnanda á Heilsugæslustöðina á [...] að morgni 14. ágúst 2015, segir um tilurð líkamsmeiðsla hans að hann hafi verið að lyfta þungum skáp, og að hönd hans hafi gefið sig. Eigi er vikið frekar að atvikum máls þennan dag, en í þess stað er greint frá áverka sem stefnandi hafði

orðið fyrir í starfi sínu hjá stefnda föstudaginn 21. mars sama ár, og er skráð að afleiðingar þess slyss hafi verið viðvarandi fyrir stefnanda.

Um það slys sem stefnandi varð fyrir í mars 2015 hafa verið lögð fram frekari sjúkragögn, sbr. kafla III, lið 3 hér að framan. Segir þar m.a. að við læknisskoðun þann 21. mars hafi stefnandi greint frá því að hann hefði orðið fyrir áverka þegar hann hafi verið að „lyfta þungu.“ Einnig er greint frá því að hann hafi við læknisskoðun borið sig mjög illa og ekki viljað hreyfa vinstri höndina, en aftur á móti hafi ekkert sést óeðlilegt við röntgenmyndatöku og sjónskoðun. Þá segir frá því að læknismeðferð stefnanda vegna þessa atburðar hafi falist í umbúðum og lyfjameðferð, en því til viðbótar hafi hann verið boðaður í endurkomu daginn eftir, þ.e. laugardaginn 22. mars, sem hann hafi þó ekki sinnt.

Í aðilaskýrslum hafa stefnandi og fyrirvarsmáður stefnda að nokkru lýst tilkomu þess áverka sem stefnandi varð fyrir þann 21. mars 2015, en einnig eftirmálum og afleiðingum hans, en þeir hafa báðir borið um að áverkinn hafi í nær engu haft áhrif á störf stefnanda fyrir stefnda. Að álit dómsins eru skýrslur þessar í ágætu samræmi við greinargerð D sérgreinalæknis varðandi orsakatengsl við þann atburð sem er til umfjöllunar í þessum máli og enn fremur efni þeirra launaseðla sem greina frá þeim mikla fjölda vinnustunda sem stefnandi skilaði í störfum sínum fyrir stefnda á vordögum og sumarið 2015. Verður að þessu virtu, en einnig í ljósi takmarkaðrar íslenskukunnáttu stefnanda á umræddu tíma, aðilaskýrsla hans fyrir dómi lögð til grundvallar um að umræddur atburður í marsmánuði 2015, og þá ekki frekar en aðrir eldri áverkar hans, hafi ekki haft áhrif á störf hans þann 14. ágúst nefnt ár, og þau líkamsmeiðsl sem hann varð þá fyrir. Er því málsástæðum stefnda að virtum andmælum stefnanda að þessu leyti hafnað.

11. Eins og hér að framan hefur verið rakið er fyrsta skráða lýsingin af atvikum máls eftir að stefnandi slasaðist þann 14. ágúst 2015 í sjúkraskrá yfirlæknisins á Heilsugæslustöðinni á [...]. Verður ráðið af vætti yfirlæknisins að skráningin hafi verið gerð mjög skömmu eftir slysið. Skráningin er fáorð um atvik máls og verður að ætla að þar hafi m.a. komið til erfiðleikar í samskiptum, enda hafi stefnandi þá aðeins talað móðurmál sitt, sem yfirlæknirinn skildi ekki.

Á meðal málgagna er eyðublað sem ber heitið *Tilkynning um slys*. Stefnandi og fyrirvarsmáður stefnda rituðu báðir undir blaðið, annars vegar í október 2017 og hins

vegar í febrúar 2018. Eyðublaðið var sent til Sjúkratrygginga Íslands, en efni þess varðar hinn umþrætta atburð þann 14. ágúst 2015. Í tilkynningunni er slysi stefnanda svo lýst: „X var að lyfta pakka sem innihélt skáp, þ.e. ósamsettur skápur, þegar hann rann til og missti jafnvægið þannig að hann missti pakkann og fékk slink á vinsti höndina. Hann reyndi að halda í við pakkann, en missti hann.“

Í aðilaskýrslum hafa stefnandi og fyrirvarsmáður stefnda lýst að nokkru þeim verkefnum, sem unnið var að í þeim íbúðum sem stefndi var að endurbyggja í hinu eldra húsnæði að [...]. Þá liggur fyrir að þegar atvik máls gerðist hafi verið á lokastigi og hafi verkefni stefnanda helst falist í uppsetningu á fataskápum, sem hafi verið í ósamsettum pappapakningum, sem hafi verið geymdar á geymslustað stefnda, þ.e. í bílskúr húsnæðisins. Af hálfu fyrirvarsmannsins var ekki dregin í efa sú frásögn stefnanda, að þegar hér hafi verið komið sögu hafi papparenningar verið á gólfum íbúðanna, og þá yfir nýju gólfefni, flísum og parketi, og hafi það verið tíðkanleg og góð vinnubrögð, enda væru renningarnir límdir niður. Í aðilaskýrslu fyrir dómi hefur stefnandi lýst atvikum og eigin gjörðum í greint sinn á þann veg að hann hafi haldið á einni af þessum pakningum, og að leið hans hafi legið frá bílskúrnum, en að lýsingin á fyrrnefndu tilkynningareyðublaði hafi átt við þegar hann hafi rétt verið kominn inn í eina íbúðina, þar sem umræddir papparenningar hafi verið á gólfum. Í aðilaskýrslunni skýrði stefnandi frá því að við þessar aðstæður hafi fætur hans skyndilega runnið til, og þá eftir atvikum vegna kusks sem fyrir hafi verið á papparenningi, og þá með þeim afleiðingum, sem lýst er í tilkynningu hans til Sjúkratrygginga Íslands. Ágreiningslaust er að stefnandi var einn að störfum þegar hann varð fyrir líkamsmeiðslum sínum í greint sinn.

Eins og áður hefur komið fram tilkynnti stefndi Vinnueftirlitinu ekki um sly og líkamsmeiðsli stefnanda, og ekki heldur öðrum rannsóknaraðilum. Fór því engin rannsókn fram á atburði þessum, og þá ekki um þau ágreiningsatriði sem hér að framan hefur verið vikið að.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 79. gr. laganna nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna Vinnueftirlitinu öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slyss þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings, og samkvæmt 2. mgr. lagagreinarinnar skal senda skriflega tilkynningu innan viku.

Samkvæmt dómaframkvæmd hafa þær sönnunarreglur mótast þegar atvik að vinnuslysum eru óljós, að þá beri vinnuveitandi hallann þegar hann hefur eigi tilkynnt um atvikið til Vinnueftirlitsins og rannsókn hefur eigi farið fram, en þá að því tilskildu að atvik þykja ekki nægjanlega upplýst af þeim sökum.

Í ofangreindu viðfangi er til þess að líta að stefnandi var eftir hinn umþrætta atburð óvinnufær um allanga hríð, sbr. efni áðurrakinna heilsufarsgagna.

Og í ofangreindu samhengi verður að mati dómsins ekki horft fram hjá því að stefnandi er af erlendu bergi brotinn og virðist þegar atvik máls gerðust nær eingöngu hafa verið mæltur á móðurmál sitt. Þá liggur fyrir að fyrirsvarsmáður stefnda hafði veg og vanda af en einnig eiginlega verkstjórn og boðvald með verkinu í húsnæðinu að [...] samkvæmt ákvæðum 21.-23. gr. laga nr. 46/1980, sbr. að því leyti einnig efni áðurrakins meðmælalabréfs fyrirsvarsmannsins til stefnanda, dagsetts 1. janúar 2016. Bar stefndi, sem vinnuveitandi stefnanda, ríkar skyldur samkvæmt lögum nr. 46/1980.

Það er niðurstaða dómsins að í ljósi ofangreinds beri að leggja til grundvallar frásögn stefnanda um að hann hafi án vilja skyndilega runnið til með byrði sína og að það hafi leitt til þess að meiri þungi lenti á vinstri hendi hans og að hann hafi þegar atvik gerðust verið í íbúð stefnda að [...] þar sem byggingarframkvæmdir stóðu enn yfir, en voru á lokastigi. Engin rannsókn fór fram á slysinu og skortir því upplýsingar um það hvernig aðstæður og aðbúnaður voru nákvæmlega á vettvangi í greint sinn.

Að ofangreindu virtu ásamt aðilaskýrslu stefnanda, en einnig með hliðsjón af aðilaskýrslu fyrirsvarsmanns stefnda, verður stefndi að áliti dómsins að bera hallann af þeirri óvissu sem var um aðstæður þegar stefnandi varð fyrir líkamsmeiðslum sínum. Er það niðurstaða dómsins að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða þegar stefnandi rann til með lýstum hætti og hlaut marggreindan áverka á vinstri hendi. Hafi þannig verið um slys að ræði í skilningi váttryggingaréttar, sem skapar stefnanda rétt til bóta úr hendi stefnda, líkt og atvikum var háttað.

Stefnandi hefur lagt fram gögn í málinu um eigin áverka, einkum í vinstri olnboga, og leitt að mati dómsins líkur að tjóni sínu og örorku með sjúkraskýrslum og áðurröktu mati D sérgreinalæknis á hinni læknisfræðilegu örorku. Stefndi hefur eigi hnekk þessum gögnum, t.d. með mati dómkvaddra matsmanna. Í því samhengi er til þess að líta að mat á afleiðingum slyss er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni hvort líkamstjón verður og hvert umfang þess er. Að þessu virtu er það mat dómsins að stefnandi hafi sýnt nægjanlega fram á að hann hafi orðið fyrir fyrrgreindri

læknisfræðilegur orörku, sem rakið verði til þess slyss sem hann varð fyrir við vinnu sína hjá stefnda þann 14. ágúst 2015.

Líkt og atvikum er háttað verður stefndi sjálfur að greiða stefnanda, sem launþega, það bótafé sem svarar til váttryggingarfjárhæðar þeirrar er tryggt skyldi fyrir samkvæmt ákvæðum fyrrgreinds kjarasamnings, en einnig annað tjón, sem af vanefndum hans sannanlega leiddi. Þegar það er virt sem hér að framan hefur verið rakið þykja eigi vera efni til þess að lækka bætur stefnanda vegna gáleysis eða eftirfarandi athafnaleysis hans, enda hefur stefndi að áliti dómsins eigi sannað að hvaða marki læknisaðgerð eða önnur úrræði hefðu borið árangur til þess að bæta heilsu stefnanda og þá án áhættu fyrir hann, sbr. að því leyti dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 21/1978.

Að öllu ofangreindu virtu ásamt röksemdum stefnanda samkvæmt stefnu verður fallist á þá dómkröfu hans, að stefndi greiði honum bætur vegna hinnar varanlegu örorku, að fjárhæð 2.266.923 krónur, og er ekki fallist á að hún sæti frádrætti. Að auki verður fallist á kröfu stefnanda vegna útlagðs kostnaðar hans, enda er sá liður studdur fullnægjandi gögnum, samtals að fjárhæð 119.120 krónur. Loks verður fallist á kröfu stefnanda um greiðslu ferðakostnaðar, sem að álitum þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur. Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 2.686.043 krónur, með vöxtum eins og segir í dómsorði.

12. Samkvæmt ofangreindri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eins og segir í dómsorði og rennur hann í ríkissjóð í samræmi við 4. mgr. 128. gr. nefndra laga.

Stefnandi fékk gjafsókn í máli þessu með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 20. desember 2019. Skal allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðast úr ríkissjóði, þ.m.t. talið þóknun lögmanns hans, eins og greinir í dómsorði, sbr. ákvæði 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991, sbr. að því leyti einnig dóm Hæstaréttar Íslands nr. 470/2011 og úrskurð Landsréttar í máli nr. 288/2018. Þykir þóknunin, og þá m.a. með hliðsjón af vinnuskýrslu og því að málið var fyrst munnlega flutt þann 23. nóvember 2022, en endurflutt þann 17. febrúar sl., að gættri 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, hæfilega ákveðin 1.850.000 króna.

Af hálfu stefnanda flutti málið Auðun Helgason lögmaður, en af hálfu stefnda flutti málið Björn Líndal lögmaður.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Y ehf., greiði stefnanda, X, 2.686.043 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. maí 2019 til 3. júní sama ár en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.850.000 króna í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmans stefnanda, 2.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.